



Fréttabréf Furugrundar – september 2020



Kæru foreldrar

Í vetur verða samtals 72 börn í leikskólanum á fjórum deildum. Á þessu hausti verða 23 ný börn í leikskólanum þannig að nokkuð stór hópur er að aðlagast leikskólalífinu um þessar mundir. Aðlögunartímabilið er álagstími í leikskólanum fyrir ný börn, þau sem fyrir eru, starfsfólkið og foreldra. Í september mánuði verður því lögð áhersla á að skapa vellíðan og öryggi í barnahópnum. Veðrið hefur verið yndislegt og höfum við geta verið mikið útivið.

Starfsmannahald er mjög stöðugt hér í Furugrund ár eftir ár. Hér starfa fjórtán kennarar og tólf leiðbeinendur og þar af eru fjórir í leikskólakennaranámi. Erum við afar stolt af frábæra starfsmannahópnum okkar. Verið er að klára vinnu við að ráða í eina stöðu á Mánasteini fyrir haustið og svo hafa verið tilfærslur á fólki innanhúss. Þar sem aðstæður í samfélaginu eru ekki alveg venjulegar hafa foreldrar mögulega ekki hitt alla starfsmenn með jafn formlegum hætti og oft áður. Gott er að kíkja á heimasíðu skólans til að glöggva sig á starfsmannahópnum á hverri deild.

- *Á Dropasteini starfa: Guðlaug, Berglind, Heiða, Soffía, Silvía, Sóley og Valdís.*
- *Á Mánasteini starfa: Lotta, Nanna, Karólína, Pálína og Silla*
- *Á Álfasteini starfa: Jóa, Ragnheiður og Ásta*
- *Á Dvergasteini starfa: Helga Hanna, Arna, Ásdís og Fjóla.*

Stjórnendateymið samanstendur svo af Evu Sif leikskólastjóra, Önnu Björgu aðstoðarleikskólastjóra og Sólveigu sérkennslustjóra.

Fyrsti skipulagsdagur vetrar var núna í september og gekk afar vel. Skóladagatal er komið inn á heimasíðu leikskólans og gott að kynna sér hvenær skipulagsdagarnir verða í vetur og setja á dagatalið.

Fyrir áramót verða skipulags dagar eftirfarandi daga og þá er skólinn lokaður.

- 2.október
- 19.nóvember

Við minnum foreldra á að starfsmönnum er raðað á deildar í samræmi við vistunartíma barna og bendum á mikilvægi þess að foreldrar virði þann vistunartíma sem keyptur er. Einnig er afar mikilvægt að foreldrar yfirgefi garðinn með börnum sínum þegar vistunartíma þeirra er lokið upp á yfirsýn starfsmanna yfir barnahópin og sóttvarnir að gera.

Við biðjum forelda að láta vita í gegnum Völu forritið eða í síma ef börnin eru fjarverandi vegna veikinda eða frídaga. Það gefur okkur betri yfirsýn yfir skipulag hvers dags fyrir sig. Einnig minnum við foreldra barna sem eru með fæðuofnæmi að láta vita fyrir kl 10:00 ef börn þeirra mæta ekki í skólann.

Nauðsynlegt er að börn jafni sig vel af veikindum sínum heima og mæti aftur frísk í leikskólann svo þau geti tekið þátt í allri daglegri starfssemi leikskólans úti sem inni. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir veikindi með því að vera inni. Útivera er hluti af starfssemi leikskólans og er börnum mikilvæg. Útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undirtekningartilfellum.

Skipulagt vetrarstarf hefst í lok september á eldri deildum og í byrjun október á yngri deildum. Boðið verður upp á foreldasamtöl á öllum deildum í október-nóvember. Starfsmenn munu hafa samband við foreldra til að boða þá í viðtal. Í foreldrasamtölum á haustönn er meðal annars farið yfir vetrarstarf deildarinnar, aðlögun og líðan barnanna, niðurtöður skimana og fleiri þætti. Vakin er athygli á því að ávallt er hægt að óska eftir samtali við deildarstjóra og/eða leikskólastjóra. Leggjum við mikið upp úr góðu foreldrasamstarfi og hlökkum til góðs samstarfs við ykkur.

Kær kveðja

Starfsfólk Furugrundar